

Álit kynbótanefndar

Breytingartillaga við þingskjal nr. 21

Tillagan var eftirfarandi:

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, skorar á BÍ og WF að fara yfir reglur og verklag í tengslum við skráningu á nöfnum hesta í WF. Ef skorður eiga að vera á því undir hvaða nöfnum megi skrá hross í gagnagrunninn, þá verður að skýra hvaða markmið BÍ hefur í þessum efnum og bæta verklag "Hestanafnanefndar". Ef ekki tekst að koma þessum málum í eðlilegan farveg verði hestanafnanefnd felld niður.

Tillagan verður:

62. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, skorar á BÍ og FEIF að fara yfir reglur og verklag við skráningu á nöfnum hrossa í WorldFeng, með það að leiðarljósi að hesteigendum séu ekki settar óþarflega þröngar skorður í nafngiftum og einfalt sé að fá ný nöfn skráð.

Greinagerð

Mörkuð hefur verið sú stefna af BÍ og FEIF að íslenskir hestar skuli bera íslensk nöfn sem samræmist íslensku máli. Auk þess skuli hestar ekki bera nöfn sem eru klúr eða móðgandi. Gild rök má færa fyrir því að íslensk hestanöfn séu verðmætur hluti af ímynd og sérstöðu kynsins og því ekki æskilegt að skrá hvernig nöfn sem er í ættbók og gagnagrunn íslenska hestsins; WorldFeng.

Borið hefur á að hestanöfnum hafi verið hafnað til skráningar í WF þrátt fyrir að þau samræmist íslenskum rithætti og beygingarreglum. Íslensk tunga er fjölbreytileg og lifandi og því hæpið að banna eigendum hrossa að skrá þau undir nýjum nöfnum sem eru í grunnin íslensk og falla að íslensku máli.

Hesteigendur geta sjálfir skráð nafn á sín hross í WF, að því gefnu að nafnið finnist í nafnabanka. Sé nafnið ekki í bankanum þarf að sækja um leyfi fyrir því til skrásetjara viðkomandi lands. Það ferli mætti auðveldlega bæta með umsókn um nýtt nafn beint í gegn um WF.

LH hlýtur að láta þetta sig varða þar sem hætta er á að hross verði skráð nafnlaus til keppni auk þess sem hestamönnum almennt er annt um að velja hestum sínum nöfn eftir eigin höfði.